

Nr. 3
15. apríl

Bráðabirgðalög

um

viðauka við lög 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Ráðherrann í atvinnu- og samgöngumálum hefir tjáð Oss, að til þess að ákvæði laga 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, komi að tilætlunum notum og til þess að stuðla að jöfnuði á peningagenginu á líkan hátt og farið er að gjöra í öðrum ríkjum, svo og vegna ónógs skipakosts til flutninga á nauðsynjavörum til landsins sje óhjákvæmilegt að landsstjórnin hafi heimild til að setja ákvæði um peningaviðskifti Íslands og útlanda og gera ákvarðanir um vöruflutning frá útlöndum með skipum þeim, sem heima eiga í landinu, þá teljum Vér brýna nauðsyn til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915. Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Aftan við 1. gr. nefndra laga 8. mars 1920 bætist nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Ennfremur er landsstjórninni heimilt með reglugjörð eða reglugjörðum að setja ákvæði um peningaviðskifti hjerlendra banka, fjelaga og einstakra manna við útlönd, svo og að gera ákvarðanir um vöruflutninga frá útlöndum með skipum þeim, sem heima eiga í landinu.

Landsstjórnin getur falið 5 manna nefnd þeirri, sem hún þegar hefir skipað eftir lögum 8. mars 1920, að hafa eftirlit og hlutunarrjett um vöruflutninga með innlendum skipum, innflutningi á allskonar varningi og peningaviðskiftum við útlönd samkvæmt reglugjörðum þeim, sem settar eru hjer að lútandi.

Til að standast kostnað við framangreindar ráðstafanir heimilast landsstjórninni að leggja gjald á innfluttar vörur, er nemi $\frac{1}{4}$ af hundraði af fjárhæð hvers vörureiknings, og nær heimild þessi einnig til gjalds þess, sem þegar hefir verið ákveðið í þessu skyni.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg 15. apríl 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Lög

Nr. 4
18. maí

um

manntal á Íslandi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ár þau, er ártalið endar á 0, skal taka alment manntal um allt land. Skal það fara fram 1. desember eða annan dag, sem konungur ákveður, og skal því lokið þann sama dag, nema tálmanir, sem ekki verður við ráðið, banni. Skulu allir taldir þar sem þeir höfðu náttstað aðfaranótt manntalsdagsins, hvort sem þeir eiga þar heima eða ekki. Þó skal þeirra, sem að heiman eru aðfaranótt manntalsdagsins, einnig getið á heimili þeirra, með athugasemd um, að þeir sjeu fjarverandi. Hagstofa Íslands gerir fyrirmyndir að eyðublöðum undir manntalsekrárnar. Á þeim skal tilgreina fult nafn hvers manns, fæðingarár og dag, fæðingarstað, atvinnu og annað það, sem hagstofan í hvert sinn ákveður í samráði við þar til kjörna nefnd manna.

2. gr.

Í kaupstöðum annast bæjarstjórnin um framkvæmd manntalsins, en annarsstaðar prestarnir með aðstoð hreppstjóra og hreppnefnda. Áður en manntalið á fram að fara